

## AUGLÝSING

### um uppsögn sammings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens.

Með orðsendingu 28. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Litháens á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Litháens sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1996 og 1/1997. Uppsögnin öðlaðist gildi 1. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*